

Nr. 32.

2.
nóvbr.

2. gr.

Ef maður vill öðlast þann rjett, sem um er rætt í 1. gr., skal hann hafa sannað fyrir Stjórnarráðinu, að hann kunni nægilega vel þá tungu, sem hann vill öðlast rjett til að túlka fyrir dómi eða þýða skjöl úr og á, og að hann hafi að öðru leyti þá þekkingu til að bera, er ætla má, að fullnægjandi sje til að leysa þau störf vel af hendi. Heimilt er Stjórnarráðinu að skipa prófnefnd og ákveða henni kaup, er greiðist úr landssjóði. Stjórnarráðið skipar fyrir um prófið.

3. gr.

Nú hefir maður öðlast rjett þann, er um er rætt í 1. gr., og skal hann þá skyldur að vera túlkur á dómþingum og þýða skjöl fyrir menn og stofnanir. Hann skal og heita því við drengskap sinn, að vinna verk sitt eftir bestu vitund, og að ljósta eigi upp leyndarmálum. Rjett er þó, að aðrir menn sjeu dómtúlkar og skjalþýðendur, ef þeir eru dómkvaddir til þess í hvert skifti.

4. gr.

Dómtúlkar og skjalþýðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

5. gr.

Stjórnarráðið semur og setur verðskrá yfir verk dómtúlka og skjalþýðenda. Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

Nr. 33.

2.
nóvbr.

L ö g

um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjorum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti, sem aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldum, jafna niður eftir efnunum og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir

á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og gildið þar útsvar, þá skal frá Nr. 33. ársútsvarinu draga tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar. ^{2.} _{nóvbr.}

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur eða þilbátaútgærð, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar. Á hvalveiði, sildveiði með nótt, laxveiðiafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðaaafnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabréf og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

2. gr.

Nú stundar aðkomumaður bátfiski á útveg annara en þarsveitarmanna, og dvelur í veiðistöð sama hrepps 4 vikur eða lengur, og má þá jafna á hann útsvari hæfilegu, eftir tímalengd og í samanburði við innsveitarmenn, en ekki má leggja hundraðsgjald á afla. Útsvarinu skal formaður hafa lokið fyrir skip sitt, áður en hann fer á brott. Þó skal eigi leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppum í sama sýslufjelagi, sem útræðið er í, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfjelagi þeirra.

3. gr.

Í Vestmannaeyjasýslu er sýslumaðurinn og fjórir kjörnir menn í nefndinni.

Þessi breyting á skipun sýslunefndar Vestmannaeyjasýslu kemur þó ekki til ramkvæmda fyr en við næstu prestaskifti, eftir að lög þessi hafa öðlast gildi.

4. gr.

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 36. gr. og fyrri málsg. 37. gr. sveitarstjórnarlaga frá 10. nóv. 1905, svo og þau ákvæði 55., 56. og 61. gr., sem snerta sýslunefnd Vestmannaeyjasýslu sjerstaklega og fara í bága við lög þessi; enn fremur er úr gildi numin fyrri málsgrein 66. gr. ofanefndra laga.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.